

ÁRSSKÝRSLA 2025



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka



EFNISYFIRLIT

Ávarp skólameistara.....	2
Fjárhagsleg afkoma	3
Starfsfólk.....	3
Viðtöl við starfsfólk.....	4
Starfsþróun.....	6
Starfendarannsóknir	6
Símenntun og endurmenntun.....	7
Nám og kennsla	8
Nemendur - tölfræði	8
Brotthvarf	9
Samstarfs- og samskiptaverkefni	10
Kórinn.....	11
Verkefni	12
Græn skref og umhverfismál	12
Jafnréttismál	12
Heilsueflandi framhaldsskóli og forvarnir.....	12
Kynningarmál	12
Gæðamál og innra mat.....	12
Upplýsingatækni	12
Fleira markvert.....	12
Árið 2025 í hnotskurn.....	13

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni stendur í blóma, en vaxtaverkir gera vart við sig. Undanfarin ár hefur skólinn ekki getað tekið við öllum þeim nemendum sem sækja um nám við skólann og er það miður. Þjónustan sem skólinn veitir er sérhæfð að því leyti að ML er eini skólinn á Suðurlandi sem býður upp á heimavist og allt því sem henni fylgir. Heimavistarkosturinn er nauðsynlegur á svo marga vegu en ekki síst þeim sem búa fjarri framhaldsskóla.



Jöfn tækifæri til náms er hornsteinn íslensks menntakerfis og til að tryggja að svo verði er mikilvægt að skólakerfið sé fjölbreytt og bjóði upp á þær lausnir og leiðir sem þarf. Menntaskólinn að Laugarvatni sérhæfir sig í öflugum bóknaði og möguleika á heimavistardvöl. Ekki hefur verið hægt að taka við öllum nemendum á heimavistina og því ljóst að bæta þarf við húsakost við skólann. Til eru teikningar af þriðja heimavistarhúsinu og því ljóst að tíminn er kominn til að taka upp hamar og hallamál og hefjast handa.

Mannlegi þátturinn spilar sífellt stærra hlutverk í uppeldi ungmenna í nútímaveröld og heimavistarskóli snertir sannarlega á þeim þætti. Nemendur ML takast á við bóknaði á daginn og félagslega hlutann eftir kaffið og fram á kvöld. Það er ekki alltaf einfalt að búa á heimili með 150 manns og því margt sem þarf að læra og þá ekki síst að læra að taka tillit til annarra.

Sköpun og mannleg samskipti eru þau atriði sem helst standa út af þegar gervigreindin hefur lokið innreið sinni. Við verðum nefnilega, þegar öllu verður á botninn hvolt, ennþá fólk með mannlegar þarfir og langanir. Þrátt fyrir gervigreind, uppfærða líkamshluta, snjalltæki og spjallmenni þá þurfum við fyrst og fremst á mannlegri nálgun að halda í bland við útrás fyrir sköpun og tækifæri til að leita okkur að hamingju og lífsfyllingu. Það gerir það enginn fyrir okkur; hvorki kennarinn né nútímataeknin. ML vill endilega hafa tækifæri til að taka á móti fleiri nemendum í það góða umhverfi sem er til staðar hér á Laugarvatni - í einni heimavistarbyggingu til viðbótar.

*Jóna Katrín Onnoy Hilmarsdóttir
Laugarvatni, apríl 2026*

FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Á árinu 2025 var ársvelta Menntaskólans að Laugarvatni kr. 524,7 milljónir og neikvæð afkoma kr. -14,0 milljónir.

Halli á rekstri skólans hefur stafað af kostnaði vegna veikinda starfsfólks og hækkandi leigukostnaðar. Til að mæta hallanum hefur verið gripið til aðhalds- og sparnaðaraðgerða þar sem helst ber að nefna niðurskurð á yfirvinnu kennara, niðurskurð í valáföngum og almennt aðhald í öllum rekstri. Þrátt fyrir aðhald undanfarinna ára skapast enn halli á rekstrinum og ljóst að grípa þarf til niðurskurðar.

Nánari upplýsingar um fjárhagslega stöðu skólans er hægt að nálgast í ársreikningi Menntaskólans að Laugarvatni sem gefinn er út á heimasíðu skólans á öðrum ársfjórðungi ár hvert.

STARFSFÓLK

Á skrifstofu skólans starfa, auk skólameistara, áfangastjóri í 75% starfi, skólafulltrúi/ritari í 100% starfi og náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi. Þá sinnir verkefnastjóri UT-mála í 40% starfi stoðþjónustu við starfsmenn og nemendur. Gæðastjóri í 50% starfshlutfalli hefur umsjón með innleiðingu gæðakerfis, hönnun EKKO-kerfis og fleiri kerfislægra þátta.

Á bókasafni er forstöðumaður í 40% starfi. Fjármálastjóri skólans er í 40% starfi og sem gjaldkeri Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni í 60% starfshlutfalli.

Í mötuneyti starfa, auk bryta í 100% starfi, fjórir aðstoðarmatráðar í 100% starfi hver (á níu mánaða ráðningu). Í þvottahúsi er einn starfsmaður í 100% starfi á ársráðningu.

Umsjónarmaður fasteigna er í 100% starfi en hann gegnir einnig starfi húsbónda á heimavistum. Á heimavist starfa, auk húsbónda, húsfreyja í 50% starfi og tveir vistarverðir í 50% starfi hvor (á níu mánaða ráðningu). Fjórir starfsmenn vinna við ræstingu skólalúsnæðis og heimavista í tímamældri ákvæðisvinnu á starfstíma skóla, níu mánaða ráðningu. Einn starfsmaður starfar á ársráðningu við ræstingar og hefur þá umsjón með ræstingum bygginga yfir sumartímamann, til viðbótar við hefðbundin störf yfir vetrartímamann.

Elfar Þór Bragason sálfræðingur starfar við skólann sem verktaki. Hann kemur í skólann tvo til fjóra daga í mánuði og hefur aðstöðu til að taka á móti nemendum sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda. Skólinn rekur þjónustu sálfræðings á eigin kostnað.

Hjúkrunarfræðingur starfar einnig við skólann á vegum HSu. Hann kemur einu sinni í viku.

Töluverður kynjahalli er í starfslíði Menntaskólans að Laugarvatni. Haustið 2025 voru samtals 37 starfsmenn við stofnunina og skiptust kynin þannig að 30% voru kk en 70% kvk. Ekki voru nein sem skilgreindu sig sem annað kyn. Í kennarahópnum voru 18 kennarar í 14 stöðugildum. Við kennslu og stjórnun eru kynjahlutföllin 17% kk en 83% kvk (haust 2025).

VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK

Mannauðurinn er helsta auðlind ML. Hér fáum við að kynnast betur tveimur úr starfslíðinu, Elínu B. Haraldsdóttur þvottatækni og Smára Stefánssyni kennara við ML.



Nafn: Elín Björg Haraldsdóttir

Starf: Þvottahús og ræsting

Hvað gerir þú í vinnunni?

Ég þvæ þvott af nemendum, þurrka og brýt saman og set hann í körfur þeirra sem eiga hann. Nemendur koma með óhreinan þvott í hádegi. Þau vigta þvottinn - hámark 4 kg. Ég skrái niður þvottanúmer þeirra sem koma og þyngd á þvotti. Þau flokka þvottinn í óhreinatauskörfur. Ég fer svo í gegnum það til öryggis, þvæ, þurrka og brýt saman.

Nemendur sækja hreinan og samanbrotinn þvottinn sinn daginn eftir í sínar körfur. Áður en ég opna í afhendingu raða ég ómerktum þvotti á vinnuborðið, tek mynd og set á Facebook síðuna „Hvar er þvotturinn minn?“ Og ég reyni að koma þessum ómerkta þvotti til eiganda. Svo þarf að þvo vinnuföt, svuntur, viskastykki og tuskur úr mötuneyti, tuskur frá ræstingu og handstykki frá snyrtingum skólans o.m.fl. sem til fellur. Ég þríf líka matsalinn, mötuneytis gang og snyrtingar starfsfólks í mötuneyti.

Hvaðan ertu?

Ég er úr Kópavogi, en hef búið á Laugarvatni meirihluta ævinnar.

Menntun:

Ég gekk í Kópavogsskóla, fór aðeins í MK og það var ekki fyrir mig. Er með rándýra diplómu frá Tölvuskóla Reykjavíkur sem skrifstofutæknir. Hef einnig sótt námskeið í leirgerð og glerbræðslu. Svo má ekki gleyma lyftaraprófinu...

Fyrri störf:

Þegar ég var ung vann ég á sólbaðsstofunni Sólarlandi, vann í fiski á Rifi og Hellissandi, í býtibúri á Borgarspítalanum, Nýja kökuhúsinu við Austurvöll, Tískuversluninni Moons Þingholtsstræti sem síðar varð Esprit Laugavegi 91, steypuskála Ísal, Gallup, Brúðarkjólaleigu Dóru, meðferðarfulltrúi hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, mötuneyti ML, við hjónin ásamt tengdapabba stofnuðum veitingahúsið Lindina Laugarvatni 1993 og rákum hana í 10 ár. Svo gerði ég leir og glermuni sem ég seldi t.d. í Galleríinu Laugarvatni og Litlu jólabúðinni Laugavegi.

Afhverju vinnurðu við ML?

Það kom til af því að maðurinn minn Sveinn Jónsson matreiðslumeistari var ráðinn í mötuneyti ML. Við fluttum á Laugarvatn í byrjun árs 1992. Ég fór þá að vinna í mötuneytinu. Árið 1999 byrjaði ég í þrifum í matsal og árið 2002 byrjaði ég í þvottahúsi ML og mér hefur líkað vel að vinna í Menntaskólanum að Laugarvatni.



Áhugamál:

Ég hef áhuga á listsköpun og allskyns hönnun og handverki. Mér þykir gaman að ferðast og þá sérstaklega í sólina. Lestur góðra bóka. Ég hef gaman af hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl.

Leyndur hæfileiki:

Ég er sjúklega góð í Candy Crush. Fjölskyldunni og fleirum finnst ég vera með svakalega gott minni t.d. á þvottanúmer.



Nafn: Smári Stefánsson

Starf: Kenni útivist í hlutastarfi við ML en starfa einnig sem skólastjóri við Fjallaskóla Íslands.

Hvað gerir þú í vinnunni?

Ég geng, tjalda, klifra, ræ, skauta og skíða og reyni að smita nemendur af áhuga mínum á því. Lykillinn að því er að fá þau til að búa sig þannig að þeim verði ekki kalt því það er allt leiðinlegt ef manni er kalt.

Hvaðan ertu?

Ég er fæddur í Helsingborg í Svíþjóð en uppalinn á Akureyri. Ég hef þó búið lengur á Laugarvatni þannig að ætli ég sé ekki að verða Laugvetningur.

Menntun:

Ég lauk B.Sc. gráðu í íþróttافرæðum frá Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni og meistarágráðu í íþróttافرæðum með áherslu á útivist frá Universitetet í søröst Norge.

Fyrri störf:

Ég kenndi útivist við Íþróttافرæðibraut Háskóla Íslands og Háskólann í Bodö í Noregi.

Af hverju vinnurðu við ML?

Ég geri það vegna þess að mér finnst það gaman. Ég nenni ekki að vinna við eitthvað sem ég hef ekki gaman að. Ástæðan fyrir því að mér finnst gaman í vinnunni er sú að ég nýt þess að sjá ungt og öflugt fólk takast á við og sigrast á áskorunum, sem kannski í upphafi lita út fyrir að vera erfiðar. Svo skemmir ekki fyrir að geta nýtt sér mötuneytið.

Áhugamál:

Útivera í góðum félagsskap, helst með skíði undir fótunum eða hjól á milli þeirra.

Leyndur hæfileiki:

Ég reyni yfirleitt að gera sem mest úr hæfileikum mínum þannig að ef ég tel mig vera góðan í einhverju þá reyni ég að gera mikið úr því. Það mat er þó ekki alltaf rétt þannig að gallarnir mínir eru kannski ekki heldur leyndir.



STARFSÞRÓUN

Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára kemur fram það markmið að auka starfsþróun kennara og annars starfsfólks, efla mannleg samskipti og samvinnu. Í því augnamiði skal m.a. halda skrá um námskeið sem kennarar sækja, umbuna fyrir sí- og endurmenntun með hvata í stofnanasamningi og auka fræðslu á vegum skólans með því að halda 1-2 námskeið/erindi á önn.

Á árinu 2025 voru eftirfarandi fræðsluviðburðir fyrir allt starfsfólk í ML:

- ❖ Forvarnardagur ML og sviðsett slys (9. apríl 2025)
- ❖ Starfsmannaferð á Ísafjörð – heimsókn í MÍ (vor 2025)
- ❖ Katrín Ýr Óskarsdóttir – Námskeið fyrir kennara í raddbeitingu (14. ágúst 2025)
- ❖ Píeta – Fræðsla fyrir nemendur og starfsfólk (15. október 2025)

STARFENDARANNSÓKNIR

8 starfendarannsóknarfundir voru haldnir á árinu þar sem kennarar voru með undirbúna kynningar og umræður. Starfendarannsóknarfundir eru í skóladagatalinu, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri sér um skipulag. Mæting og þátttaka er afar góð. Hér fylgir yfirlit yfir skipulag starfendarannsóknarfunda árið 2025:

Hver kynnir	Viðfangsefni	Dagsetning
Áslaug	Heimsóknir kennara í tíma	28. janúar '25
Elín Jóna	BETT sýningin og nýjasta tækni	25. febrúar '25
Margrét Elín	Kahoot í kennslu	25. mars '25
Öll ræða saman	Heimsóknir – hvernig gekk?	22. apríl '25
Ásrún	Harry Potter enskuáfangi	3. september '25
Vera Sólveig	Thinking classroom	24. september '25
Freyja Rós	The crisis in education e. Arendt (1954)	19. nóvember '25



SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN

Kennsla og skólastarf er í eðli sínu í sífelldri þróun. Óformlegar leiðir eins og bókalestur og nærandi samtöl eru sannarlega hluti af því að þroskast í menntastarfi. Þá sækir starfsfólk hin ýmsu námskeið og ráðstefnur.

Bæði á vorönn og haustönn gafst kennurum kostur á að sækja um svokallað aukafjármagnsþrep, sem er útfærsla vegna bókunar 2 í síðustu kjarasamningum KÍ við ríkið. ML fær úthlutað 1.700.000 kr. á ársgrundvelli vegna bókunarinnar. Samkvæmt útfærslu í stofnanasamningi ML gátu kennarar sótt um vegna símenntunar, endurnýjunar áfanga eða nýs áfanga, rannsóknarverkefnis eða sérstakrar nýsköpunar og leiðsögn með nýjum kennara/náms- og starfsráðgjafa. Hér er yfirlit yfir það hvernig þrepunum var úthlutað, hálf t. ári í senn, samtals níu þrepum.


AUKAFJÁRMAGNSÞREP VOR 2025		
Ásrún Ester	Þróun í tengslum við miðlun og gervigreind	1 þrep
Freyja Rós	Samþætting áfanga – félagsfræði og tölfræði	1 þrep
Jóna Björk	Endurgerð áfanga	1 þrep
Jón Forni	Leiðsögunám	1 þrep
María Carmen	Endurgerð áfanga – hreyfing og heilsa	1 þrep

AUKAFJÁRMAGNSÞREP HAUST 2025		
Ásrún Ester	Nýr valáfangi – Harry Potter	1 þrep
Elva Rún	Nýtt námsefni í íslenskuáföngum	1 þrep
Guðrún Elísa	Námskeið og innleiðing – samstaða, fordómar, hatursorðræða	1 þrep
Ingibjörg Blaka	Endurgerð áfanga (STÆR2TL05)	1 þrep

NÁM OG KENNSLA

NEMENDUR - TÖLFRÆÐI



Vorið 2025 gengust 132 nemendur undir námsmat. 28 nemendur útskrifuðust, 19 af félags- og hugvísindabraut (F-bekkur) og 9 af náttúruvísindabraut (N-bekkur). Kynjahlutföll meðal útskrifaðra (29% drengir og 71% stúlkur árið 2025) haldast í hendur við innritunina, enda brottfall lítið við skólann, bæði meðal drengja og stúlkna. Við þurfum áfram að vera vakandi fyrir kynjahlutföllum í skólanum, en vor 2026 stefnir í jafnara hlutfall í hópi útskriftarnema en síðast.



Haustið 2025 voru nemendur samtals 156; 77 nemendur á félags- og hugvísindabraut og 79 voru á náttúruvísindabraut. Aðsóknin var góð bæði á félags- og hugvísindabraut (F) og á náttúruvísindabraut (N). 53 innrituðust á 1. ár, 17 drengir og 36 stúlkur. Færri komust að en vildu.

Nemendur í ML haust 2025 - kyn og bekkur

Bekkur	KK	KVK	Samtals
1F	8	18	26
1N	9	18	27
2F	7	19	26
2N	15	10	25
3F	12	13	25
3N	15	12	27
Samtals:	66	90	156



BROTTHVARF

Auðkenni skóla	Nýnemabrottfall 2025	Tilfærsla 2025	Nýnemabrottfall 2024
ML	0.0%	10.7%	0.0%
Allir skólar	4.5%	10.6%	4.7%

SAMSTARFS- OG SAMSKIPTAVERKEFNI

Á heimasíðu skólans er haldið saman yfirliti yfir [samstarfs- og samskiptaverkefni](#). ML teygir sig út fyrir skólastofuna og tekur á mótí mörgum gestum á hverju ári. Hér getur að líta dæmi um lönd, stofnanir, fyrirtæki og samtök sem nemendur okkar fengu snertingu við á árinu, og áfram mætti telja.



KÓRINN

Kór Menntaskólans að Laugarvatni samanstóð af 116 nemendum í lok árs 2025. Kórinn er valgrein og um 75% nemenda eru í kór.

Eyrún Jónsdóttir lét af störfum eftir veikindaleyfi á vorönn 2025, þá önn lá kórstarfið niðri. Stefán Þorleifsson tók við sem kórstjóri í maí 2025 og Margrét Elín Ólafsdóttir gegnir áfram hlutverki verkefnastjóra. Kórstarfið er umfangsmikið og krefst náinnar samvinnu. Með góðu samstarfi og skýrum verkferlum tekst að tryggja gæði kórstarfsins og skapa jákvætt umhverfi fyrir nemendur. Kóræfingar voru tvisvar í viku, farið var í æfingarbúðir hér í Menntaskólanum í þetta sinn og við náðum að halda okkar árlegu jólatónleika í Skálholtsdómkirkju.



VERKEFNI

Hér að neðan eru nokkur dæmi um mikilvæg verkefni og áfanga í hinum ýmsu verkefnum sem unnið er að í skólanum. Þetta er langt frá því að vera tæmandi upptalning en veitir innsýn í fjölbreytta starfsemi ML.

GRÆN SKREF OG UMHVERFISMÁL
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Áfram unnið með Græn skref í ríkisrekstri ✓ Nýr verkefnastjóri Grænánans frá og með haustinu 2025 er Jóna Björk Jónsdóttir
JAFNRÉTTISMÁL
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Árleg skýrsla um jafnréttisstarf í ML á heimasíðu skólans ✓ Samfélagssáttmáli ML uppfærður – vinnustofa með öllum skólanum ✓ Gestgjafar fyrir hvatningarverlaun Heimilis og skóla
HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI OG FORVARNIR
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Áframhaldandi þátttaka ML í <i>Öruggara suðurland</i> – svæðisbundnu samráði ✓ Ábyrg í umferðinni – forvarnardagur
KYNNINGARMÁL
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Opið hús í mars ✓ 10. bekkingum á Suðurlandi boðið á skólakynningu og söngkeppni ML
GÆÐAMÁL OG INNRA MAT
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Stefna sett um akademísk heilindi ✓ Skýrsla um sjálfsmat 2024-2025.
UPPLÝSINGATÆKNI
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Eftirlitsmyndavélar settar upp á skólahúsi og vistum ✓ Áframhaldandi samstarf við Canva, Kahoot og Padlet ✓ Nýr þekkingarvefur í Sharepoint
FLEIRA MARKVERT
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Skólinn gekkst undir ytra mat í október 2025 ✓ Undirrituð samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefninu <i>Menntun til hnattrænnar borgaravitundar í íslenskum framhaldsskólum: Efling náms- og félagsumhverfis með þátttöku kennara og nemenda í UNESCO samstarfi</i>. Rannsóknarverkefnið er leitt af Dr. Evu Harðardóttur, lektor við Deild Menntunar og margbreytileika, Háskóla Íslands.



Ábyrg í umferðinni, 9. apríl '25



Dagur gegn einelti, 10 nóvember '25
Stjórni hinseginfélagsins Yggdrasils með Páli Óskari

ÁRIÐ 2025 Í HNOTSKURN

JANÚAR

9. janúar

Gettu betur, Guðjón Árnason, Hjördís Katla Jónsdóttir og Ragnar Dagur Hjaltason

FEBRÚAR

13. febrúar

Ný stjórn nemendafélagsins kjörin. Lilja Björk Sæland stallari



MARS

12. mars

Opið hús

12.-13. mars Dagamunur og Dollinn

15. mars

Árshátíð ML

20. mars

Frumskýning leikritsins Djöflaeyjan



23. mars

Skíðaferð 1. bekkjar

APRÍL

9. apríl

Ábyrg í umferðinni - Forvarnadagur ML

12. apríl

Söngvakeppni framhaldsskólanna, Þórkatla Loftsdóttir

MAÍ

2. maí

Dimissio

9. maí

Opið hús – kynningar lokaverkefna

24. maí

Útskrift og skólaslit



ÁGÚST

18. ágúst

Nýnemaðagur, nýnemar mæta á Laugarvatn

20. ágúst

Skólasetning

28. ágúst

Fjallganga – allur skólinn á Laugarvatnsfjall



SEPTEMBER

17. september

Tjaldferð útivistar

OKTÓBER

4.-5. október

Æfingabúðir kórsins í Aratungu

14.-18. október

Berlín - námferð

NÓVEMBER

3. nóvember

Ný skólanefnd ML. Sigrún Jónsdóttir formaður

6. nóvember

Kynningardagur og söngvakeppnin Blítt og létt

10.-16. nóvember

Hinsegin vika í ML

21.-22. nóvember

Jólatónleikar kórs ML í Skálholtsdómkirkju